Byggingafulltrúinn í Fljótsdalshreppi
Végarði, 701 Egilsstöðum
byggingarfulltrui@fljotsdalur.is

Fundur bygginganefndar Fljótsdalshrepps, haldinn þann 16. desember 2010 í Végarði í Fljótsdal.

Fundur settur kl. 17:30
Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

| | |
|---|---|
| Eiríkur J. Kerúlf | nefndarmaður |
| Helga Vigfúsdóttir | nefndarmaður |
| Jónas Hafþór Jónsson | nefndarmaður |
| Úlfar Trausti Þórðarson | byggingarfulltrúi |

**Varðar: Kosningu á nýjum formanni byggingarnefndarinnar**
Jónas Hafþór Jónsson bauð sig fram sem formaður nefndarinnar og var það samþykkt samhljóða.

**Varðar: Umsókn um breytingu á steyptum súlum milli sala í félagsheimilinu Végarði.**
Bygginganefnd barst til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi frá sveitafélagi Fljótsdalshrepps vegna breytinga á burðarvirkissúlum milli sala í félagsheimilinu Végarði. Umsóknin ásamt burðarvirkisteikningu fyrir breytingu á steyptum súlum milli sala. Teiningin er útgefin af Verkís verkfræðistofu, dagsett 11.11.2010 og undirrituð af Birni Sveinssyni kt. 160265-4189. Fyrirhuguð breyting er að saga/brjóta núverandi steyptar súlur milli sala og leggja stálbita á ásetustalla við sitt hvorn enda steyptra milliveggja. Gengið er frá bitannum með klæðningu af þreföldu gipsi sem brunavörn. Settar verða loftastoðir undir steypt loft á framkvæmdsartímanum.

Byggingarnefnd lýsir ánægju sinni á verkinu samþykkir breytinguna að sínu leyti.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 18:30